

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 21. mars 2006 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2005/211/DIM frá 24. febrúar 2005 um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/2000. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 21. mars 2006.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 28. mars 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRDUN RÁDSINS 2005/211/DIM frá 24. febrúar 2005

um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 30. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 31. gr. (a- og b-lið) og 34. gr. (c-lið 2. mgr.),

með hliðsjón af frumkvæði Konungsríkisins Spánar¹,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins²,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Schengen-upplýsingakerfið, hér á eftir nefnt „SIS-upplýsingakerfið“, sem komið var á í samræmi við ákvæði IV. bóls samningsins frá 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum³, hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn frá 1990“, er nauðsynlegt tæki til beitingar ákvæðum Schengen-gerðanna eins og þær eru felldar inn í ramma Evrópusambandsins.
2. Viðurkennd hefur verið nauðsyn þess að þróa nýja, aðra kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins, hér á eftir nefnt „SIS II-upplýsingakerfið“, í ljósi stækkunar Evrópusambandsins og til að unnt sé að innleiða í það nýjar aðgerðir, þar sem nýtt er nýjasta þróun á sviði upplýsingatækni, og hafa fyrstu skrefin verið tekin í þróun þessa nýja kerfis.
3. Þegar er hægt að gera tiltekna breytingar á gildandi ákvæðum og innleiða tiltekna, nýjar aðgerðir í núverandi útgáfu SIS-upplýsingakerfisins, einkum að því er varðar að veita yfirvöldum, þ.m.t. Evrópulögreglan (Europol) og landsfulltrúar Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust), aðgang að tilteknum tegundum gagna, sem skráð eru í SIS-upplýsingakerfið, en aðgangur að slíkum gögnum myndi auðvelda þeim að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt, að auka við flokka eftirlýstra hluta, sem færa má inn skráningu á, og að skrá sendingu persónuupplýsinga. Fyrst þarf þó að koma á fót nauðsynlegri tækniaðstöðu í hverju aðildarríki.

¹ Stjtið. EB C 160, 4.7.2002, bls. 7.

² Stjtið. ESB C 31 E, 5.2.2004, bls. 122.

³ Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19.

4. Í niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins í Laeken hinn 14. og 15. desember 2001, einkum niðurstöðum nr. 17 (samstarf milli sérhæfðra aðila á sviði hryðjuverkavarna), nr. 43 (Evrópska réttaraðstoðin og lögreglusamstarf að því er varðar Evrópulögregluna) og aðgerðaáætluninni frá 21. september 2001 gegn hryðjuverkum, er vísað til nauðsynjar þess að efla SIS-upplýsingakerfið og auka möguleika þess.
5. Auk þess er gagnlegt að setja ákvæði um skipti á öllum viðbótarupplýsingum fyrir tilstilli yfirvalda, sem tilnefnd hafa verið í því skyni í öllum aðildarríkjum (beiðni um viðbótarupplýsingar vegna komu til einstakra ríkja (Supplementary Information Request at National Entry)), og veita þannig þessum yfirvöldum sameiginlegan lagagrundvöll innan ramma ákvæða Schengen-samningsins frá 1990 og mæla fyrir um reglur um eyðingu gagna sem þessi yfirvöld geyma.
6. Með ákvæðum þessarar ákvörðunar um Evrópulögregluna er settur lagarammi fyrir aðgang að Schengen-upplýsingakerfinu en þau hafa ekki áhrif á síðari samþykkt nauðsynlegra ráðstafana vegna ákvörðunar á tæknilausn eða á kostnað sem hún hefur í för með sér.
7. Með ákvæðum þessarar ákvörðunar um landsfulltrúa Evrópsku réttaraðstoðarinnar og aðstoðarmenn þeirra er settur lagarammi fyrir aðgang að Schengen-upplýsingakerfinu en þau hafa ekki áhrif á síðari samþykkt nauðsynlegra ráðstafana vegna ákvörðunar á tæknilausn eða á kostnað sem hún hefur í för með sér.
8. Ákvæðin um aðgang Evrópulögreglunnar, landsfulltrúa Evrópsku réttaraðstoðarinnar og aðstoðarmanna þeirra að SIS-gögnum eru aðeins fyrsta stigið og hafa ekki áhrif á frekari viðræður um rýmkun þessa með tilliti til annarra ákvæða Schengen-samningsins frá 1990.
9. Breytingarnar, sem þarf að gera í þessu skyni á þeim ákvæðum Schengen-gerðanna sem fjalla um Schengen-upplýsingakerfið, eru í tveimur hlutum: þessari ákvörðun og reglugerð ráðsins sem er byggð á 66. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Ástæðan er sú, eins og fram kemur í 93. gr. Schengen-samningsins frá 1990, að tilgangur Schengen-upplýsingakerfisins er að viðhalda allsherjarreglu og almannaöryggi, þ.m.t. þjóðaröryggi, á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna og að tryggja beitingu ákvæða fyrrnefnds samnings um för einstaklinga um þessi yfirráðasvæði með notkun upplýsinga sem komið er á framfæri gegnum SIS-upplýsingakerfið í samræmi við ákvæði samningsins. Þar eð beita á sumum ákvæðum Schengen-samningsins frá 1990 í þessum tvenna tilgangi samtímis er rétt að slíkum ákvæðum sé breytt á sama hátt í hliðstæðum gerðum sem byggja hvor á sínum sáttmála.
10. Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á samþykkt nauðsynlegrar löggjafar í framtíðinni, er lýsi ítarlega lagalegri uppbyggingu, markmiðum, rekstri og notkun SIS II-upplýsingakerfisins, þ.m.t. en þó ekki eingöngu reglur sem skilgreina betur þá flokka gagna, sem skulu skráðir í kerfið, í hvaða tilgangi þeir skulu skráðir og á hvaða forsendum, reglur um innihald SIS-skráa, innbyrðis tengingu skráninga og samhæfi þeirra og frekari reglur um aðgang að SIS-gögnum og vernd persónuupplýsinga og meðferð þeirra.
11. Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna⁴ sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu þess samnings.
12. Breska konungsríkið tekur þátt í þessari ákvörðun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar, sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 8. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/365/EB frá 29. maí 2000 varðandi beiðni Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna⁵.
13. Írland tekur þátt í þessari ákvörðun í samræmi við 5. gr. bókunarinnar sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, og 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar ráðsins 2002/192/EB frá 28. febrúar 2002 varðandi beiðni Írlands um að eiga þátt í sumum ákvæðum Schengen-gerðanna⁶.

4 Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

5 Stjtið. EB L 131, 1.6.2000, bls. 43.

6 Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 20.

14. Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á fyrirkomulagið um þátttöku Breska konungsríkisins og Írlands í Schengen-gerðunum að hluta sem skilgreint er í ákvörðun 2000/365/EB og ákvörðun 2002/192/EB.
15. Þessi ákvörðun er gerð sem er byggð á Schengen-gerðunum eða tengist þeim á annan hátt í skilningi 2. mgr. 3. gr. aðildarlaganna.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæðum Schengen-samningsins frá 1990 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við 92. gr.:
 - „4. Aðildarríkin skulu, í samræmi við landslög og fyrir tilstilli yfirvalda, sem eru tilnefnd í því skyni (Sirene), miðla öllum viðbótarupplýsingum sem eru nauðsynlegar í tengslum við innfærslu skráningar og til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir í þeim tilvikum þegar einstaklingar eða hlutir, sem upplýsingar hafa verið skráðar um í Schengen-upplýsingakerfið, finnast eftir leit í kerfinu. Slíkar upplýsingar má aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru sendar í.“
2. í stað b-liðar 2. mgr. 94. gr. komi eftirfarandi:
 - „b) hlutir sem um getur í 99. og 100. gr.“,
3. í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 94. gr. komi eftirfarandi:
 - „3. Upplýsingar um einstaklinga skulu takmarkaðar við eftirfarandi:
 - a) kenninafn og eiginnöfn, með tilvísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
 - b) sérstök varanleg, líkamleg einkenni,
 - c) (...),
 - d) fæðingarstað og fæðingardag og -ár,
 - e) kynferði,
 - f) ríkisfang,
 - g) hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flótta,
 - h) ástæðu fyrir skráningu,
 - i) aðgerðir sem farið er fram á,
 - j) þegar um er að ræða skráningar skv. 95. gr.: tegund afbrots eða afbrota,
4. í stað 1. mgr. 99. gr. komi eftirfarandi:
 - „1. Í samræmi við innlenda löggjöf þess aðildarríkis, sem færir inn skráningu, skal skrá upplýsingar varðandi einstaklinga eða ökutæki, báta, loftför eða gáma í þeim tilgangi að nota við skyggingu eða markvisst eftirlit í samræmi við 5. mgr.“,
5. í stað síðasta málslíðar í 3. mgr. 99. gr. komi eftirfarandi:
 - „Aðildarríkinu, sem færir inn skráningu samkvæmt þessari málsgrein, ber skylda til að tilkynna hinum aðildarríkjunum um það.“,
6. í stað fyrsta málslíðar í 5. mgr. 99. gr. komi eftirfarandi:
 - „5. Við markvisst eftirlit, sem um getur í 1. mgr., og í samræmi við innlend lög er heimilt að leita á einstaklingum, í ökutækjum, bátum, loftförum, gámum og hlutum, sem menn hafa meðferðis, í þeim tilgangi sem um getur í 2. og 3. mgr.“,
7. í stað 3. mgr. 100. gr. komi eftirfarandi:
 - „3. Eftirfarandi flokkar hluta, sem auðvelt er að bera kennsl á, skulu skráðir:
 - a) vélknúin ökutæki með sprengirými yfir 50 rúmsentimetra, bátar og loftför, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - b) eftirvagnar með eigin þunga yfir 750 kg, hjólhýsi, búnaður til iðnaðar, utanborðsmótorar og gámar sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - c) skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - d) óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - e) útgefin persónuskilríki, s.s. vegabréf, kennivottorð, ökuskirteini, dvalarleyfi og ferðaskilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
 - f) skráningarvottorð vélknúinna ökutækja og skráningarmerki ökutækja sem hefur verið

- stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið afskráð,
 g) peningaseðlar (með skráðum númerum),
 h) verðbréf og greiðslumiðlar, s.s. ávisanir, greiðslukort, skuldabréf, hlutir og hlutabréf sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
8. eftirfarandi málsliður bætist við í lok 1. mgr. 101. gr.:
 „Innlend dómsmálayfirvöld, m.a. þau sem eru handhafar ákærvalds í sakamálum og bera ábyrgð á réttarrannsóknnum fyrir ákæru, hafa þó aðgang að upplýsingum, sem skráðar eru í Schengen-upplýsingakerfið, og rétt til að leita beint að þeim við lausn verkefna sinna í samræmi við landslög.“,
9. eftirfarandi greinar bætist við:

„101. gr. A

1. Evrópska lögregluskrifstofan (Evrópulögreglan) skal, samkvæmt umboði sínu og á eigin kostnað, eiga rétt á að hafa aðgang að og til að leita beint að gögnum sem eru skráð í Schengen-upplýsingakerfið í samræmi við 95., 99. og 100. gr.
2. Evrópulögreglunni er aðeins heimilt að leita að gögnum sem hún þarfnast til að sinna hlutverki sínu.
3. Ef leit Evrópulögreglunnar leiðir í ljós skráningu í Schengen-upplýsingakerfinu skal hún tilkynna það aðildarríkinu, sem færði inn skráninguna, eftir þeim leiðum sem eru skilgreindar í samningnum um stofnun Evrópulögreglunnar.
4. Notkun upplýsinga, sem finnast við leit í Schengen-upplýsingakerfinu, er háð samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis. Ef aðildarríkið heimilar notkun slíkra upplýsinga skal meðhöndlun þeirra falla undir samninginn um stofnun Evrópulögreglunnar. Evrópulögreglan má aðeins veita þriðju ríkjum og þriðju aðilum slíkar upplýsingar með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis.
5. Evrópulögreglan getur óskað eftir viðbótarupplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í samningnum um stofnun Evrópulögreglunnar.
6. Evrópulögreglan:
 - a) skal skrá hverja leit í samræmi við ákvæði 103. gr.,
 - b) skal ekki tengja hluta Schengen-upplýsingakerfisins eða senda gögn, sem þar koma fram og hún hefur aðgang að, neinu tölvukerfi til gagnaöflunar og -vinnslu sem Evrópulögreglan notar eða er notað hjá henni eða hala niður eða afrita á annan hátt neina hluta Schengen-upplýsingakerfisins, sbr. þó 4. og 5. mgr.,
 - c) skal takmarka aðgang að gögnum, sem eru skráð í Schengen-upplýsingakerfið, við starfsfólk Evrópulögreglunnar með sérstakt leyfi,
 - d) skal samþykkja og beita ráðstöfunum sem kveðið er á um í 118. gr.,
 - e) skal heimila Sameiginlegu eftirlitsstofnuninni, sem sett var á fót skv. 24. gr. samningsins um stofnun Evrópulögreglunnar, að hafa eftirlit með starfsemi Evrópulögreglunnar og því hvernig hún nýtir rétt sinn til aðgangs og leitar að gögnum sem eru skráð í Schengen-upplýsingakerfið.

101. gr. B

1. Landsfulltrúar Evrópsku réttaraðstoðarinnar og aðstoðarmenn þeirra skulu hafa rétt til aðgangs og leitar að gögnum, sem skráð eru í Schengen-upplýsingakerfið í samræmi við 95. og 98. gr.
2. Landsfulltrúum Evrópsku réttaraðstoðarinnar og aðstoðarmönnum þeirra er aðeins heimilt að leita að gögnum sem þeir þarfnast til að sinna verkefnum sínum.
3. Ef leit landsfulltrúa Evrópsku réttaraðstoðarinnar leiðir í ljós skráningu í Schengen-upplýsingakerfinu skal fulltrúinn tilkynna það aðildarríkinu sem færði inn skráninguna. Gögnum, sem finnast við slíka leit, má aðeins dreifa til þriðju ríkja eða þriðju aðila með samþykki aðildarríkisins sem færði inn skráninguna.
4. Ekkert í þessari grein má túlka á þann veg að það hafi áhrif á ákvæði ákvörðunar ráðsins

um stofnun Evrópsku réttaraðstoðarinnar varðandi gagnavernd og þá skaðabótaábyrgð sem landsfulltrúar hjá Evrópsku réttaraðstoðinni og aðstoðarmenn þeirra bera vegna óheimillar eða rangrar vinnslu á slíkum gögnum, eða áhrif á heimildir Sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar sem sett var á fót skv. 23. gr. þeirrar ákvörðunar ráðsins.

5. Skrá skal hverja leit, sem landsfulltrúar Evrópsku réttaraðstoðarinnar eða aðstoðarmenn þeirra framkvæma í samræmi við ákvæði 103. gr. og hvers konar notkun þeirra á gögnum sem þeir hafa aðgang að.
 6. Ekki skal senda neina hluta Schengen-upplýsingakerfisins eða gögn, sem þar koma fram, sem landsfulltrúar eða aðstoðarmenn þeirra hafa aðgang að, neinu tölvukerfi til gagnaöflunar og -vinnslu sem Evrópulögreglan notar eða er notað hjá henni eða hala niður neina hluta Schengen-upplýsingakerfisins.
 7. Aðgangur að gögnum, sem skráð hafa verið í Schengen-upplýsingakerfið, skal takmarkast við landsfulltrúa Evrópsku réttaraðstoðarinnar og aðstoðarmenn þeirra en skal ekki rýmkaður til starfsfólks Evrópsku réttaraðstoðarinnar.
 8. Samþykkinga skal og beita ráðstöfununum sem kveðið er á um í 118. gr.“,
10. í stað 103. gr. komi eftirfarandi:

„103. gr.

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að yfirvaldið, sem annast gagnastjórnun, skrái hverja sendingu persónuupplýsinga í landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins í þeim tilgangi að kanna hvort leitin sé heimil. Skráninguna má eingöngu nota í þessum tilgangi og skal henni eytt í fyrsta lagi einu ári síðar og í síðasta lagi þremur árum síðar.“,

11. eftirfarandi grein bætist við:

„112. gr. A

1. Persónuupplýsingar, sem yfirvöldin, sem um getur í 4. mgr. 92. gr., geyma í skráum í kjölfar upplýsingaskipta í samræmi við þá málsgrein, skal ekki geyma lengur en nauðsynlegt er í þeim ákveðna tilgangi. Þeim skal í öllum tilvikum eytt í síðasta lagi einu ári eftir að skráningu eða skráningum um hlutaðeigandi einstakling eða hlut hefur verið eytt úr Schengen-upplýsingakerfinu.
 2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að geyma í landsskrám gögn varðandi tiltekna skráningu, sem það hefur fært inn, eða skráningu sem leitt hefur til aðgerða á yfirráðasvæði þess. Við ákvörðun þess hversu lengi heimilt er að geyma gögn í slíkum skráum skal farið að landslögum.“,
12. í stað 1. mgr. 113. gr. komi eftirfarandi:

„1. Aðrar upplýsingar en þær sem um getur í 112. gr. skulu varðveittar áfram í mesta lagi í tíu ár eftir skráningu og upplýsingar um hluti, sem um getur í 1. mgr. 99. gr., í mesta lagi í fimm ár.“,

13. eftirfarandi grein bætist við:

„113. gr. A

1. Gögn, önnur en persónuupplýsingar, sem yfirvöldin, sem um getur í 4. mgr. 92. gr., geyma í skráum í kjölfar upplýsingaskipta í samræmi við þá málsgrein, skal ekki geyma lengur en nauðsynlegt er í þeim ákveðna tilgangi. Þeim skal í öllum tilvikum eytt í síðasta lagi einu ári eftir að skráningu eða skráningum um hlutaðeigandi einstakling eða hlut hefur verið eytt úr Schengen-upplýsingakerfinu.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að geyma í landsskrám gögn varðandi tiltekna skráningu, sem það hefur fært inn, eða skráningu sem leitt hefur til aðgerða á yfirráðasvæði þess. Við ákvörðun þess hversu lengi heimilt er að geyma gögn í slíkum skráum skal farið að landslögum.“.

2. gr.

1. Ákvæði 1. gr. (1., 5. og 8. mgr.) þessarar ákvörðunar öðlist gildi 90 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákvæði 11. og 13. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar öðlist gildi 180 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
3. Ákvæði 1. gr. (1., 5., 8., 11. og 13. mgr.) þessarar ákvörðunar öðlist gildi að því er Ísland og Noreg varðar 270 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
4. Ákvæði 1. gr. (2., 3., 4., 6., 7., 9., 10. og 12. mgr.) öðlist gildi á þeim degi, sem ráðið ákveður, með samhljóða samþykki um leið og nauðsynleg skilyrði hafa verið uppfyllt.
Ráðinu er heimilt að ákveða mismunandi dagsetningar fyrir gildistöku þessara ákvæða:
 - 1. gr. (2., 4. og 6. mgr.),
 - 3. mgr. 1. gr.,
 - 7. mgr. 1. gr.,
 - 9. mgr. 1. gr., nýja 101. gr. A,
 - 9. mgr. 1. gr., nýja 101. gr. B,
 - 12. mgr. 1. gr.
5. Sérhver ákvörðun, sem ráðið tekur í samræmi við 4. mgr., skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2005.

Fyrir hönd ráðsins,
N. SCHMIT
forseti.

COUNCIL DECISION 2005/211/JHA
of 24 February 2005
concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System,
including in the fight against terrorism

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION

Having regard to the Treaty on European Union, and in particular Article 30(1)(a) and (b), Article 31(a) and (b) and Article 34(2)(c) thereof,

Having regard to the initiative of the Kingdom of Spain¹,

Having regard to the opinion of the European Parliament²,

Whereas:

1. The Schengen Information System, hereinafter referred to as „SIS“, set up pursuant to the provisions of Title IV of the Convention of 1990 implementing the Schengen Agreement of 14 June 1985 on the gradual abolition of checks at common borders³, hereinafter referred to as „the 1990 Schengen Convention“, constitutes an essential tool for the application of the provisions of the Schengen acquis as integrated into the framework of the European Union.
2. The need to develop a new, second generation Schengen Information System, hereinafter referred to as „SIS II“, with a view to the enlargement of the European Union and allowing for the introduction of new functions, while benefiting from the latest developments in the field of information technology, has been recognised and the first steps have been taken to develop this new system.
3. Certain adaptations of existing provisions and the introduction of certain new functions can already be realised with respect to the current version of the SIS, in particular as far as concerns the provision of access to certain types of data entered in the SIS for authorities the proper performance of whose tasks would be facilitated were they able to search these data, including Europol and the national members of Eurojust, the extension of the categories of missing objects about which alerts may be entered and the recording of transmissions of personal data. The technical facilities required for the purpose first need to be established in each Member State.
4. The Conclusions of the Laeken European Council of 14 and 15 December 2001 and in particular Conclusions 17 (cooperation between specialised counter-terrorism services), 43 (Eurojust and police cooperation with regard to Europol) and the Action Plan of 21 September 2001 against terrorism refer to the need to enhance the SIS and improve its capabilities.
5. Moreover, it is useful to enact provisions with respect to the exchange of all supplementary information through the authorities designated for that purpose in all Member States (Supplementary Information Request at National Entry), giving these authorities a common legal basis within the provisions of the 1990 Schengen Convention and setting out rules on deletion of data kept by these authorities.
6. The provisions in this Decision concerning Europol only set up the legal framework for access to the Schengen Information System and are without prejudice to adoption in the future of the necessary measures setting out the technical solution and the financial implications thereof.
7. The provisions in this Decision concerning the national members of Eurojust and their assistants only set up the legal framework for access to the Schengen Information System and are without prejudice to adoption in the future of the necessary measures setting out the technical solution and the financial implications thereof.
8. The provisions relating to access to SIS data for Europol and national members of Eurojust and their assistants only constitute a first phase and are without prejudice to further discussions on extending this facility to other provisions of the 1990 Schengen Convention.
9. The amendments to be made to this end to the provisions of the Schengen acquis dealing with the Schengen Information System consist of two parts: this Decision and a Council Regulation based on Article 66 of the Treaty establishing the European Community. The rea-

¹ OJ C 160, 4.7.2002, p. 7.

² OJ C 31 E, 5.2.2004, p. 122.

³ OJ L 239, 22.9.2000, p. 19.

son for this is that, as set out in Article 93 of the 1990 Schengen Convention, the purpose of the Schengen Information System is to maintain public policy and public security, including national security, in the territories of the Member States and to apply the provisions of the said Convention relating to the movement of persons in those territories, by using information communicated via the SIS in accordance with the provisions of that Convention. Since some of the provisions of the 1990 Schengen Convention are to be applied for both purposes at the same time, it is appropriate to amend such provisions in identical terms through parallel acts based on each of the Treaties.

10. This Decision is without prejudice to the adoption in future of the necessary legislation describing in detail the legal architecture, objectives, operation and use of SIS II, such as, but not limited to, rules further defining the categories of data to be entered into the system, the purposes for which they are to be entered and the criteria for their entry, rules concerning the content of SIS records, the interlinking of alerts, compatibility between alerts and further rules on access to SIS data and the protection of personal data and their control.
11. As regards Iceland and Norway, this Decision constitutes a development of provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis⁴, which fall within the area referred to in Article 1, point G of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement.
12. The United Kingdom is taking part in this Decision, in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 8(2) of Council Decision 2000/365/EC of 29 May 2000, concerning the request of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland to take part in some of the provisions of the Schengen acquis⁵.
13. Ireland is taking part in this Decision in accordance with Article 5 of the Protocol integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, and Article 6(2) of Council Decision 2002/192/EC of 28 February 2002 concerning Ireland's request to take part in some of the provisions of the Schengen acquis⁶.
14. This Decision is without prejudice to the arrangements for the United Kingdom and Ireland's partial participation in the Schengen acquis as defined in Decision 2000/365/EC and in Decision 2002/192/EC respectively.
15. This Decision constitutes an act building on the Schengen acquis or otherwise related to it within the meaning of Article 3(2) of the Act of Accession,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1

The provisions of the 1990 Schengen Convention are hereby amended as follows:

1. the following paragraph shall be added to Article 92:
„4. Member States shall, in accordance with national legislation, exchange through the authorities designated for that purpose (Sirene) all supplementary information necessary in connection with the entry of alerts and for allowing the appropriate action to be taken in cases where persons in respect of whom, and objects in respect of which, data have been entered in the Schengen Information System, are found as a result of searches made in this system. Such information shall be used only for the purpose for which it was transmitted.“;
2. Article 94(2)(b) shall be replaced by the following:
„(b) objects referred to in Articles 99 and 100.“;

⁴ OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

⁵ OJ L 131, 1.6.2000, p. 43.

⁶ OJ L 64, 7.3.2002, p. 20.

3. the first paragraph of Article 94(3) shall be replaced by the following:
 - „3. For persons, the information shall be no more than the following:
 - (a) surname and forenames, any aliases possibly entered separately;
 - (b) any specific objective physical characteristics not subject to change;
 - (c) (...);
 - (d) place and date of birth;
 - (e) sex;
 - (f) nationality;
 - (g) whether the persons concerned are armed, violent or have escaped;
 - (h) reason for the alert;
 - (i) action to be taken;
 - (j) in cases of alerts under Article 95: the type of offence(s)“;
4. Article 99(1) shall be replaced by the following:
 - „1. Data on persons or vehicles, boats, aircraft and containers shall be entered in accordance with the national law of the Member State issuing the alert, for the purposes of discreet surveillance or of specific checks in accordance with paragraph 5.“;
5. the last sentence of Article 99(3) shall be replaced by the following:
 - „The Member State issuing the alert pursuant to this paragraph shall be obliged to inform the other Member States thereof.“;
6. the first sentence of Article 99(5) shall be replaced by the following:
 - „5. During the specific checks referred to in paragraph 1, persons, vehicles, boats, aircraft, containers and objects carried may be searched in accordance with national law for the purposes referred to in paragraphs 2 and 3.“;
7. Article 100(3) shall be replaced by the following:
 - „3. The following categories of readily identifiable objects shall be entered:
 - (a) motor vehicles with a cylinder capacity exceeding 50 cc, boats and aircraft which have been stolen, misappropriated or lost;
 - (b) trailers with an unladen weight exceeding 750 kg, caravans, industrial equipment, out-board engines and containers which have been stolen, misappropriated or lost;
 - (c) firearms which have been stolen, misappropriated or lost;
 - (d) blank official documents which have been stolen, misappropriated or lost;
 - (e) issued identity papers such as passports, identity cards, driving licences, residence permits and travel documents which have been stolen, misappropriated, lost or invalidated;
 - (f) vehicle registration certificates and vehicle number plates which have been stolen, misappropriated, lost or invalidated;
 - (g) banknotes (registered notes);
 - (h) securities and means of payment such as cheques, credit cards, bonds, stocks and shares which have been stolen, misappropriated or lost.“;
8. the following sentence shall be added at the end of Article 101(1):
 - „However, access to data entered in the Schengen Information System and the right to search such data directly may also be exercised by national judicial authorities, inter alia, those responsible for the initiation of public prosecutions in criminal proceedings and judicial inquiries prior to indictment, in the performance of their tasks, as set out in national legislation.“;
9. the following Articles shall be inserted:

„Article 101A

1. The European Police Office (Europol) shall within its mandate and at its own expense have the right to have access to, and to search directly, data entered into the Schengen Information System in accordance with Articles 95, 99 and 100.
2. Europol may only search data which it requires for the performance of its tasks.
3. Where a search by Europol reveals the existence of an alert in the Schengen Information System, Europol shall inform, via the channels defined by the Europol Convention, the Member State which issued the alert thereof.
4. Use of information obtained from a search in the Schengen Information System is subject

to the consent of the Member State concerned. If the Member State allows the use of such information, the handling thereof shall be governed by the Europol Convention. Europol may only communicate such information to third States and third bodies with the consent of the Member State concerned.

5. Europol may request supplementary information from the Member State concerned in accordance with the provisions set out in the Europol Convention.
6. Europol shall:
 - (a) record every search made by it, in accordance with the provisions of Article 103;
 - (b) without prejudice to paragraphs 4 and 5, not connect parts of the Schengen Information System nor transfer the data contained therein to which it has access to any computer system for data collection and processing in operation by or at Europol nor download or otherwise copy any parts of the Schengen Information System;
 - (c) limit access to data entered into the Schengen Information System to specifically authorised staff of Europol;
 - (d) adopt and apply the measures provided for in Article 118;
 - (e) allow the Joint Supervisory Body, set up under Article 24 of the Europol Convention, to review the activities of Europol in the exercise of its right to accede to and to search data entered into the Schengen Information System.

Article 101B

1. The national members of Eurojust and their assistants shall have the right to have access to, and search, data entered in accordance with Articles 95 and 98 into the Schengen Information System.
2. The national members of Eurojust and their assistants may only search data which they require for the performance of their tasks.
3. Where a search by a national member of Eurojust reveals the existence of an alert in the Schengen Information System, he or she shall inform the Member State having issued the alert thereof. Any communication of information obtained from such a search may only be communicated to third States and third bodies with the consent of the Member State having issued the alert.
4. Nothing in this Article shall be interpreted as affecting the provisions of the Council Decision setting up Eurojust concerning data protection and the liability for any unauthorised or incorrect processing of such data by the national members of Eurojust or their assistants, or as affecting the powers of the Joint Supervisory Body set up pursuant to Article 23 of that Council Decision.
5. Every search made by a national member of Eurojust or an assistant shall be recorded in accordance with the provisions of Article 103 and every use made by them of data to which they have acceded shall be registered.
6. No parts of the Schengen Information System shall be connected nor shall the data contained therein to which the national members or their assistants have access be transferred to any computer system for data collection and processing in operation by or at Eurojust nor shall any parts of the Schengen Information System be downloaded.
7. The access to data entered into the Schengen Information System shall be limited to the national members and their assistants and not be extended to Eurojust staff.
8. Measures as provided for in Article 118 shall be adopted and applied.“;
10. Article 103 shall be replaced by the following:

„Article 103

Each Member State shall ensure that every transmission of personal data is recorded in the national section of the Schengen Information System by the data file management authority for the purposes of checking whether the search is admissible or not. The record may only be used for this purpose and shall be deleted at the earliest after a period of one year and at the latest after a period of three years.“;

11. the following Article shall be inserted:

„Article 112A

1. Personal data held in files by the authorities referred to in Article 92(4) as a result of information exchange pursuant to that paragraph, shall be kept only for such time as may be required to achieve the purposes for which they were supplied. They shall in any event be deleted at the latest one year after the alert or alerts concerning the person or object concerned have been deleted from the Schengen Information System.
 2. Paragraph 1 shall not prejudice the right of a Member State to keep in national files data relating to a particular alert which that Member State has issued or to an alert in connection with which action has been taken on its territory. The period of time for which such data may be held in such files shall be governed by national law.“;
12. Article 113(1) shall be replaced by the following:
- „1. Data other than that referred to in Article 112 shall be kept for a maximum of 10 years and data on objects referred to in Article 99(1) for a maximum of five years.“;
13. the following Article shall be inserted:

„Article 113A

1. Data other than personal data held in files by the authorities referred to in Article 92(4) as a result of information exchange pursuant to that paragraph, shall be kept only for such time as may be required to achieve the purposes for which they were supplied. They shall in any event be deleted at the latest one year after the alert or alerts concerning the person or object concerned have been deleted from the Schengen Information System.
2. Paragraph 1 shall not prejudice the right of a Member State to keep in national files data relating to a particular alert which that Member State has issued or to an alert in connection with which action has been taken on its territory. The period of time for which such data may be held in such files shall be governed by national law.“.

Article 2

1. Article 1(1), (5) and (8) of this Decision shall take effect 90 days after the date of its publication in the Official Journal of the European Union.
2. Article 1(11) and (13) of this Decision shall take effect 180 days after the date of its publication in the Official Journal of the European Union.
3. Article 1(1), (5), (8), (11) and (13) of this Decision shall take effect for Iceland and Norway 270 days after the date of its publication in the Official Journal of the European Union.
4. Article 1(2), (3), (4), (6), (7), (9), (10) and (12) shall take effect from a date to be fixed by the Council, acting unanimously, as soon as the necessary preconditions have been fulfilled. The Council may decide to fix different dates concerning the taking effect of:
 - Article 1(2), (4) and (6),
 - Article 1(3),
 - Article 1(7),
 - Article 1(9), new Article 101A,
 - Article 1(9), new Article 101B,
 - Article 1(12).
5. Any decision of the Council in accordance with paragraph 4 shall be published in the Official Journal of the European Union.

Done at Brussels, 24 February 2005.

For the Council
The President
N. Schmit